

MENNING

Faldi grín í bókunum

Blyton gerði grín að eiginmanninum



Enid Blyton

Í NÝRRRI ævisögu er því haldið fram að barnabókahöfundurinn Enid Blyton hafi falið leynikóða í bókum sínum til að gera grín á kostnað fyrsta eiginmanns síns. Duncan

McClaren, höfundur hinnar nýju ævisögu, *The Mysterious and Inventive Life of Enid Blyton*, segir að í bókum hennar megi finna þráð af snjallri illkvittni. En McClaren hefur rannsakað tengsl einkalífs Blyton við tóninn í bókum hennar.

McClaren segist hafa fundið sönnun fyrir því að ein af vitlausustu persónunum í bókum hennar, lög-reglumadurinn PC Theophilus Goon, hafi í raun verið byggður á eiginmanni hennar, Hugh Pollock, og stundum verið grimur brandari á kostnað hans. Blyton og Pollock giftust árið 1924.

Meðal visbendinga um þetta háð um eiginmanninn telur McClaren vera eftirfarandi. Nafnið PC Theophilus Goon. Blyton valdi það á annan hátt en nöfn annarra persóna í bókinni, hún skáldaði það sjálf í staðinn fyrir að fara í símaskrána eins og vanalega.

Ein af niðurlægningum PC Goon í einni bókinni er að hann er læstur niðri í kjallara yfir nótt. En þegar halla tók undan fæti í hjónabandi Blytons og Pollock átti hann það til að loka sjálfan sig niðri í kjallara og drekka einn á bát.

Einn af göllum PC Goon er vanhæfni hans til að hugsa og haga sér eins og barn í sögunum. En Pollock skildi ekki hugsunarhátt Blyton og henni fannst hann ekki geta sleppt huga sínum frjálsum eins og hún.

Góð aðsókn á Eggert



Eggert Pétursson

SÝNING myndlistarmannsins Eggerts Péturssonar á Kjarvalsstöðum hefur fengið góða aðsókn frá því að hún var opnuð 8. september síðastliðinn. Að jafnaði hafa komið 450 gestir á sýninguna daglega frá því að hún var opnuð eða alls um 8.500 gestir á tæplega þremur vikum.

Sýningin spannar feril Eggerts frá upphafi til dagsins í dag og eru þar rúmlega fimmtíu verk til sýnis.

Næstkomandi laugardag, 29. september, kl. 13:00 gengst Listasafn Reykjavíkur fyrir málþingi og listamannspjalli um málarann Eggert Pétursson. Þátttakendur eru auk listamannsins Ólöf K. Sigurðardóttir, sýningarstjóri og deildarstjóri fræðsludeildar safnsins, og myndlistarmaðurinn Ingólfur Arnarson, en bæði rita í hina veglegu bók um listamanninn sem kom út í tilefni af sýningunni.

Eggert hélt sína fyrstu einkasýningu árið 1980 og hefur síðan haldið fjölda einka- og samsýninga hérlandis og erlendis. Eggert hlaut önnur verðlaun Carnegie Art Award-sjóðsins árið 2006. Eftir hann liggja margar myndskreytingar en kunnust er myndskreyting hans í nýrri útgáfu bókarinnar *Íslensk flóra* sem Ágúst H. Bjarnason grasfræðingur skrifaði og kom út árið 1983.

Útvarp

Með á nótunum hefur göngu sína

MEÐ á nótunum er nýr tónlistarþáttur undir stjórn Árna Heimis Ingólfssonar sem verður á dagskrá Rásar 1 eitt fimmtudagskvöld í mánuði í vetur. Fyrsti þátturinn fer í loftið í kvöld kl. 19:27.

Í þáttunum verður skyggst inn í undraheim klassískrar tónlistar á nýstárlegan hátt. Árni Heimur tekur fyrir eitt af meistaraverkum tónlistarinnar í hverjum þætti og leyfir hlustendum að gægjast inn í hugarheim tónskáldsins hverju sinni. Meðal verkanna sem hann skoðar má nefna Pianókonserter Mozarts og Örlagasinfóníu Beethovens.



Árni Heimur Ingólfsson

Tónleikar

Dúó Stemma í Hafnarborg

DÚÓ Stemma heldur tónleika í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, í kvöld.

Dúó Stemma samanstendur af Herdísí Önnu Jónsdóttur víóluleikara og Steef van Oosterhout slagverksleikara. Saman hafa þau leikið í tæp 10 ár, og frumflutt mörg verk sem skrifuð hafa verið fyrir þau. Á efnisskránni hjá þeim er einnig íslensk þjóðlagatónlist þar sem Steef spilar m.a. á steinaspil Páls frá Húsafelli.

Tónleikarnir, sem hefjast kl. 20, eru öllum opnir og ókeypis er inn.



Herdís Anna Jónsdóttir

Myndlist

Dyggðir Íslendinga í nútímanum

Í DAG kl. 16 verður opnuð sýning á dyggðateppi eftir Marý vöruhönnuð á Torginu í Þjóðminjasafni Íslands. Þrjú dyggðaklæði frá fyrri hluta 18. aldar sem varðveitt eru í safninu kveiktu hugmynda að nýju dyggðateppi sem Marý hannaði og teiknaði með nútímadyggðir í huga. Við val á þeim hafði Marý til hliðsjónar skoðanakönnun Gallup frá 1999 á því hverjar væru helstu dyggðir Íslendinga í nútímanum. Mynstrið kemur úr einu af dyggðaklæðunum frá 18. öld en er útfært á nýjan hátt. Sýningin stendur til 21. október.



Dyggðateppi Marý í Þjóðminjasafninu.

„Þetta er draumaverkið“

Víkingur Heiðar Ólafsson flytur pianókonert nr. 3 eftir Rakmaninoff með Sinfóníuhljómsveit Íslands og á að baki langt og strangt æfingaverki

Eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur
sigridurv@mbi.is

VÍKINGUR Heiðar Ólafsson var ekki nema 12 ára gamall þegar hann eignaðist nótturnar að pianókonert nr. 3 í d-moll, op. 30, eftir Sergei Rakmaninoff. Næstu árin leit hann oft í nótnabókina.

„En ég lokaði henni alltaf aftur – þangað til núna er ég taldi mig virkilega tilbúinn í þetta,“ segir hann. Umræddur pianókonert er þekktur fyrir að gera gríðarlegar tæknilegar kröfur.

„Maður opnar bókina og þetta er eins og blekksverta, það er svo mikið af nótum á þessum 80 blaðsíðum!“

Eins og Víkingur bendir á er það þó ekki bara nótnafjöldinn sem skiptir máli upp á erfðeigastig, heldur hvort spila eigi sterkt eða veikt. „Og í þessu verki þarf pianóið að ná að yfirgnæfa 80 hljóðfæri.“ Hann segist spóskur hafa rekist á umfjöllun þar sem tekin voru fyrir nokkur verk sem þóttu líkamlega og tæknilega erfð. „Þessi konert var með flestar nótur á sekúndu, sextán held ég ...“

Handstór höfundur

Píanoleikarinn og höfundur verksins Sergei Rakmaninoff var óvenjuhávaxinn og einstaklega handstór. Konertinn skrifaði hann fyrir sjálfan sig og margir hafa átt í stökustu vandræðum með að spila hann.

„Rakmaninoff náði næstum því yfir tvær áttundir á pianó en flest fólk nær yfir eina áttund og kannski eina nótu í viðbót. Verkið er skrifað fyrir mann sem er með allt öðruvísi líkamsbyggingu en nokkur annar. Maður þarf að vera ofboðslega liðugur og sveigjanlegur, því ef maður byrjar að krepptu hendurnar eitthvað vitlaust er mjög auðvelt að stífna. Þegar verkið var samið leið það svoltið fyrir þetta, því næstum enginn gat flutt það vel. Það var eiginlega ekki fyrr



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Klappað Víkingur hefur áður slegið í gegn með Sinfóníuhljómsveitinni.

en seinna að menn fóru að átta sig á leiðum til að nálgast það.“

Það var hins vegar Víkingur sjálfur sem valdi að spila þetta verk með Sinfóníuhljómsveitinni.

„Fyrir mig er þetta draumaverkefnið. Ég valdi það án þess að hugsa mig um og þetta er eitthvað sem ég held að ég muni alltaf búa að. Margir segja að þegar maður sé búinn að ná þessu verði allt gerlegt í samanburðinum. En þetta er eitthvað sem maður gerir ekki fyrr en á réttum tíma. Þetta er eins og með söngvarana sem geta sungið verk sem er of krefjandi fyrir þeirra raddtýpu of snemma – og einfaldlega skemmt í sér röddina. Margt í þessu verki er skrifað þannig að ef maður gerir það ekki full-

komlega rétt og með minnstu mögulegu áreynslu þá skemmir maður hreinlega liðamótin. Þetta er rosaleg stúfia og sumarið fór eiginlega bara í þetta – fimm tímar á dag frá því í júní. Og svo tekur þetta bara 45 mínútur í flutningi ... En ég spila þetta vonandi oft aftur!“

Allt að vinna og engu að tapa

Aðspurður segist Víkingur ekki kvíða kvöldinu. „Mér líður ofsalega vel með þetta og hlakka mikið til. Þetta er miklu mikilvægari og stærri partur af mínum þroskaferli en sem nemur flutningi verksins, þannig að á tónleikunum hef ég allt að vinna og engu að tapa.“

Auk verks Rakmaninoffs verða á

Í HNOTSKURN

» **Kvikmyndin Shine segir frá dramátískri glímu Davids Helfgotts við þriðja pianókonertinn.**

» **Víkingur Heiðar sá kvikmyndina ungur að aldri og hafði hún mikil áhrif á hann.**

» **Hann segist í raun „alltaf hafa verið með verkið á bak við eyrað,“ en það er þekkt fyrir að gera gríðarlegar tæknilegar kröfur.**

tónleikunum leikin verk eftir Jón Leifs og Edward Elgar.

– En verður Víkingur ekki þreyttur eftir að hafa leikið verk Rakmaninoffs allt í gegn?

Hann hlær. „Jú!“ Segir síðan hugsandi að fyrir flutning á verki sem þessu þurfi að huga að ýmsum hlutum, til dæmis því að borða eitthvað staðgott. „Ætli ég verði ekki með skyrdunk með mér. Eða borði ommilettu á undan ... Ekki vill maður nú vera orðinn þreyttur í þriðja kaflanum sem er erfðastur! Maður þarf líka að passa sig á að drekka mikið af vatni, því á sviðinu verður mikið vökvatp.“

– Þetta er eins og líkamsrækt.

„Já, ég æfi þennan konert jafnvel í fífróttafötum, því þetta er svo mikil brennsla. Þetta er búit að vera langt og strangt ferli og allt öðruvísi en annað sem ég hef gert.“

Víkingur hefur verið afar upptekinn í skóla og við tónleikahald upp á síðkastið – í raun svo árum skiptir. „En ég tók nú frí í tvær vikur í sumar,“ segir hann.

– Já, alveg í tvær vikur? Víkingur hlær og viðurkennir að þar á undan hafi hann ekki tekið sér frí frá pianóinu í mörg ár.

„En það er nú bara af því að mér finnst svo gaman að spila!“

Kirkjan og bannfæring á miðöldum

Rannsóknarkvöld Félags íslenskra fræða hefjast í kvöld



Lára Magnúsdóttir

Í KVÖLD heldur Félag íslenskra fræða fyrsta rannsóknarkvöld vetrarins. Lára Magnúsdóttir sagnfræðingur ríður á vaðið og fjallar um merklingu og mikilvægi hugtaka sem tengjast bannfæringu í heimildum frá miðöldum. Lára varði doktorsritgerð um efnid í sumar. Hún segist hafa viljað reyna

að skilja hvað vald kirkjan á Íslandi hafði á ákveðnu tímabili, frá 1150 til 1275.

Að taka skrift hjá biskupi

Lára segir bannfæringu kirkjunnar vera stærra og flóknara fyrirbæri en hún hafi búist við.

„Bannfæringin er ferli og til að tala um hana þarf að nota mörg orð. Það er ekki nóg að segja einfaldlega bannfæring,“ segir hún. Hún bendir til dæmis á að þegar standi í kirkjuheimildum að „maður taki skrift hjá biskupi“ þýði það í raun að viðkom-

andi hafi verið bannfærður. Það eru einmitt orðin og hugtökin sem notuð eru til að tala um bannfæringuna sem Lára seltar að ræða um í erindi sínu.

Heimildir ekki teknar alvarlega

Erindi Láru nefnist Að trúa heimildunum, en hún bendir á að um tíðina hafi kirkjuheimildir ekki verið teknar alvarlega af fræðimönnum.

„Við höfum ekki lagt mikla áherslu á að reyna að skilja þær nákvæmlega. Ég nálgast þetta hins vegar með það fyrir augum að ég

eigi að taka mark á því sem þar stendur og reyna að skilja það sem sá sem skrifar heimildina var að meina,“ segir Lára. „Pá sér maður eftir til vill eitt og annað sem maður hefði annars ekki komið auga á.“

Síðasta fimmtudag í október mun Ingunn Ásdísardóttir flytja erindið Íslands-Freyja en í lok nóvember mun Benedikt Hjartarson fjalla um viðhorf til framúrsteftu í íslenski menningarumræðu á þriðja áratugnum. Rannsóknarkvöldin eru haldin á fimmtudögum kl. 20 og fara fram í húsi Sögufélagsins, Fischersundi 3.